



# Framboð til stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2016 - 2019

## Drengskaparyfirlýsing

Ég undirrituð/aður \_\_\_\_\_, kt. \_\_\_\_\_

lýsi því hér með yfir að viðlögðum drengskap mínum að ég uppfylli auglýst hæfisskilyrði fyrir setu í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir hönd VR þ.e.:

- Ég er fjár míns ráðandi
- Ég uppfylli hæfi sbr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. reglna FME nr. 180/2013 (sjá bakhlið)
- Ég bý yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 6. gr. reglna FME nr. 180/2013 (sjá bakhlið)
- Ég er reiðubúin/nn að gangast undir munnlegt hæfismat hjá FME sbr. 16. gr. reglna FME nr. 180/2013 (sjá bakhlið)
- Ég er launamaður sem greiði skyldubundin iðgjöld til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna
- Ég er ekki sjálfstætt starfandi atvinnurekandi/einyrki né launamaður hjá eigin fyrirtæki

Jafnframt skuldbind ég mig til þess að afhenda nauðsynleg gögn þessu til sönnunar, ef eftir verður kallað.

---

Undirskrift

---

Staður og dagsetning

31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

*Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lífeyrissjóða skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur<sup>1)</sup> um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.*

9. gr. reglna FME nr. 180/2013

*Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lífeyrissjóða skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir, sbr. 1. mgr. 31. gr.laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við mat Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslegu sjálfstæði er litið til eftirfarandi atriða:*

- a. Að eiginfjárstaða sé jákvæð.*
- b. Að tekjur standi undir afborgunum af skuldum og framfærslu.*
- c. Að skuldir, ábyrgðir gagnvart þriðja aðila og veðsetning eigna séu ekki þess eðlis að efast megi um óhæði gagnvart lánveitanda/kröfuhafa og það sé líklegt til að hafa áhrif á störf hans fyrir lífeyrissjóðinn. Við mat á því hvort aðili teljist háður öðrum er horft til þess hvort skuldbindingin, með hliðsjón af árstekjum, teljist veruleg. Undanskildar skuldbindingar samkvæmt þessum lið eru hefðbundin lán sem standa almenningi til boða t.d. íbúðalán, bílalán og námslán.*
- d. Annarra atriða en að framan greinir er varða fjárhagsstöðu eða fjárhagsskuldbindingar og máli geta skipt að mati Fjármálaeftirlitsins.*

6. gr. reglna FME nr. 180/2013

*Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á starfsemi lífeyrissjóðs.*

16. gr. reglna FME nr. 180/2013.

*Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skuli gangast undir munnlegt hæfismat. Við framkvæmd hæfismats stjórnarmanna getur Fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á nægilegri þekkingu aðila*